

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarisdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2022
UST202205-240/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Kópaskerslína – styrking. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að styrkja línuna á tveimur stöðum. Annars vegar á Reykjaheiði á um 5,5 km kafla of hins vegar rétt sunnan við Kópasker á um 2,5 km löngum kafla. Skipt verður um möstur og reist stálmöstur í stað tréstauro en bilanir á þessum köflum hefur verið viðvarandi vandamál á undanförunum árum.

Á ofangreindum köflum verða stálmöstur reist fast við núverandi línu. Leggja þarf línuveg til að koma þungum tækjum á verkstað og meðfram línunni.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif felist í vegagerð og efnistöku. Vinnubrögð við sambærilegar framkvæmdir eru vel þekkt og myndi umhverfismat ekki í sjálfu sér skila nýjum upplýsingum sem máli skipta. Eins og fram kemur í greinargerð þá hefur nokkuð oft þurft að fara með fjölda vinnuvéla að Kópaskerslínu til að sinna viðgerðum. Því má ætla að landið beri þess einhver merki. Reyna ætti að afmá eldra rask eins og kostur er. Miklar framkvæmdir hafa verið á undanförunum árum á Reykjaheiði og er þar öll aðkoma að línunni góð og námur til staðar. Sama má í raun segja um kaflann við Kópasker.

Umhverfisstofnun telur ekki að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en telur að leggja eigi áherslu á vönduð vinnubrögð og frágang. Stofnunin telur brýnt að vinnubrögð við niðurrif eldri línu og frágang við stæðurnar verði komið í fastar skorður en Umhverfisstofnun er kunnugt um að við niðurrif línu um Hellisheiði Eystri var ekki talin ástæða til að ganga frá eldri línuslóðum sem á að vera sjálfsagður hlutur þegar mannvirki af þessu tagi eru rifin þar sem línuvegir eru að mati Umhverfisstofnunar hluti háspennulínunnar.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur